



BYGGÐASTOFNUN

Hagvöxtur landshluta 2008-2015



Hagvöxtur landshluta 2008-2015

Unnið af Dr. Sigurði Jóhannessyni hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands í samvinnu við
Sigurð Árnason og Snorra Björn Sigurðsson á Próunarsviði Byggðastofnunar.

Útgefið í ágúst 2017.

Helstu niðurstöður

Á árunum 2008 til 2015 var hagvöxtur um 6% úti um land en 3% á höfuðborgarsvæðinu. Gengi krónunnar var lágt og lágri krónu fylgir jafnan góðæri í sjávarútvegi, sem fær tekjur sínar í erlendum gjaldeyri. Sjávarútvegur er sterkastur utan höfuðborgarinnar. Lágt gengi er líka hagkvæmt fyrir ýmiss konar iðnað, sem blómstraði í byggðum landsins á tímabilinu. Þrír stórir bankar fóru á höfuðið á seinni hluta árs 2008 og fleiri fjármálastofnanir fylgdu á eftir á næstu misserum, en umsvif í fjármálaþjónustu drógust saman um 10-20% á ári öll árin 2009-2015. Bankarnir hafa höfuðstöðvar sínar á höfuðborgarsvæðinu og þar varð tjónið mest af falli þeirra. Frá 2010 hefur erlendum ferðamönnum sem koma hingað til lands fjölgað hratt og flestir dveljast í höfuðborginni og næsta nágrenni hennar. Það er meginskýringin á góðum hagvexti þar síðustu árin. En ekki væri rétt að segja að ferðaþjónusta hefði fyllt það skarð sem bankarnir skildu eftir á vinnumarkaði á höfuðborgarsvæðinu. Störf í ferðaþjónustu höfðu oftast nær ekki til þeirra sem misstu vinnuna í fjármálakreppunni. Nokkuð er að vísu um að fólk sem áður sinni öðrum störfum hér á landi vinni nú við leiðsögumennsku, en laun í veitinga- og gistihúsum freista yfirleitt ekki Íslendinga. Starfsfólk þar er fyrst og fremst sótt til útlanda.

Frá 2008 til 2015 jókst framleiðsla mest í þrem landshlutum: Á Suðurnesjum, Norðurlandi eystra og á Suðurlandi. Bandarískt herlið hvarf frá Keflavíkurlflugvelli árið 2006, en margir Suðurnesjamenn unnu á vellinum. Brottför hersins var því áfall fyrir svæðið. En ekki sjást merki um það í hagvaxtartölum fyrir Suðurnes. Bankahrunið 2008-2009 virðist hafa komið verr við svæðið en aðra landshluta, en þar fyrir utan hafa efnahagsumsvif vaxið nær samfellt hraðar í þessum landshluta en annars staðar allt frá 2006. Meginskýringarnar á góðum vexti á Suðurnesjum eftir 2009 eru fjölgun farþega um Keflavíkurlflugvöll og uppbygging iðnaðar og sjávarútvegs á svæðinu. Nýrra er að efnahagsumsvif vaxi meira á Norðurlandi eystra en annars staðar. Margar skýringar eru á góðum hagvexti þar. Eftir 2008 hefur þar verið nokkur uppgangur í sjávarútvegi, iðnaði og ferðaþjónustu, en ekki skiptir minna máli að aðrar atvinnugreinar hafa ekki dregist jafnhraðt saman og í öðrum landshlutum. Á Suðurlandi á vöxtur í ferðaþjónustu þátt í góðum hagvexti undanfarinna ára, auk þess sem umsvif hafa aukist í sjávarútvegi og iðnaði.

Tafla 1. Hagvöxtur eftir svæðum 2008-2015.

	Höfuðborg	Utan	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Nland vestra	Nland eystra	Austurland	Suðurland	Allt landið
2009	-7 %	-6 %	-11 %	-4 %	1 %	2 %	0 %	-16 %	-5 %	-6 %
2010	-4 %	0 %	0 %	-4 %	-8 %	-2 %	-1 %	11 %	1 %	-3 %
2011	3 %	0 %	-6 %	5 %	0 %	-1 %	2 %	-3 %	1 %	2 %
2012	0 %	4 %	3 %	5 %	-2 %	3 %	5 %	3 %	6 %	1 %
2013	3 %	5 %	10 %	7 %	3 %	3 %	-1 %	4 %	8 %	4 %
2014	4 %	-1 %	-1 %	-4 %	-4 %	-4 %	0 %	6 %	-4 %	2 %
2015	5 %	4 %	14 %	3 %	5 %	2 %	4 %	-2 %	1 %	5 %
2008-2015	3 %	6 %	8 %	7 %	-6 %	3 %	8 %	1 %	8 %	4 %

Utan höfuðborgarsvæðisins er hagvöxtur lítill eða enginn í þremur landshlutum. Vöxtur var lítill á Austurlandi og Norðurlandi vestra frá 2008 til 2015 og á Vestfirðum dróst framleiðsla saman. Lítin hagvöxt á Austurlandi má skýra með því að smíði álvers í Reyðarfirði og Kárahnjúkavirkjunar lauk í upphafi tímabilsins. Á móti tók álver til starfa, en það nær ekki alveg að vega upp samdrátt í framkvæmdum. Góður vöxtur í sjávarútvegi á Austurlandi vekur líka athygli. Miklu skiptir fyrir viðgang byggðar þar að laun eru há í þessum vaxtargreinum á svæðinu. Hagvöxtur hefur lengi verið lítill á Norðurlandi vestra. Þar var hægur vöxtur á árunum

1998 til 2008, þrátt fyrir uppgang í sjávarútvegi og iðnaði. Ekki hefur orðið mikil breyting þar eftir 2008. Framleiðsla dróst töluvert saman á Vestfjörðum frá 2008 til 2015, en þar hafa efnahagsumsvif ýmist minnkað eða vaxið hægt allt frá því að byrjað var að greina hagvöxt eftir landshlutum, árið 1998.

Þessar tölur gefa einfaldaða mynd af þeim breytingum sem orðið hafa í efnahagsumsvifum hér á landi. Horft er á heildartölur frá átta landssvæðum, en *innan þeirra* verða líka miklar breytingar. Á aðra öld hefur fólki fækkað í sveitum og íbúum lítilla kauptúna hefur líka fækkað í áratugi. Fólksstraumur liggur úr sveitum í grannbæi, en þaðan flytur fólk síðan í fjölmennari byggðarlög. Íbúum hefur til dæmis lengi fjölgað á Akureyri og í næsta nágrenni hennar en fækkað í Þingeyjarsýslum. Þegar krónan féll 2008 hægði á þessum breytingum og í sumum fámennum byggðarlögum úti um land tók íbúum jafnvel að fjölga.

Taflan 2 sýnir þáttatekjur (framleiðslu) í milljónum króna á verðlagi 2005 ásamt mannfjöldatölum. Fólki fjölgaði um tæp 7% á höfuðborgarsvæðinu frá 2008 til 2015, en utan þess stóð mannfjöldinn nokkurn veginn í stað. Fólki fækkar á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og á Austurlandi, en fjölgar í öðrum landshlutum. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði fólki meira en nam hagvexti og á Vestfjörðum fækkaði íbúum hægar en nam samdrætti í framleiðslu. Fall í framleiðslu á mann á höfuðborgarsvæðinu má meðal annars skýra með hruni fjármálaþjónustu, þar sem laun voru há, og miklum vexti í starfsemi veitinga- og gistihúsa, þar sem laun eru lág. En víða um land eykst framleiðsla á íbúa, langmest þó á Austurlandi. Framleiðsla á mann er mikil í álverum og í fiskveiðum. Báðar atvinnugreinar eflust mikið á Austurlandi frá 2008 til 2015. Umsvif í sjávarútvegi jukust raunar víða um land.

Tafla 2. Framleiðsla á mann eftir landshlutum 2008-2015, milljónir króna á verðlagi 2005


		Höfuðborg	Landsbyggð	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Nland vestra	Nland eystra	Austurland	Suðurland	Alls
Framleiðsla	2008	683.414	332.834	58.430	55.287	19.766	17.065	73.337	43.169	65.780	1.016.248
	2015	704.248	352.424	62.989	59.098	18.646	17.499	79.222	43.723	71.248	1.056.672
Mannfjöldi	2008	197.945	117.500	20.645	15.569	7.238	7.482	28.902	11.877	25.787	315.445
	2015	211.282	117.818	22.026	15.566	6.970	7.137	29.257	10.346	26.516	329.100
Framl. á mann	2008	3,5	2,8	2,8	3,6	2,7	2,3	2,5	3,6	2,6	3,2
	2015	3,3	3,0	2,9	3,8	2,7	2,5	2,7	4,2	2,7	3,2
Breyting		-3%	6%	1%	7%	-2%	7%	7%	16%	5%	0%

Framleiðsla á ársverk segir ekki alla söguna um lífskjör á hverjum stað. Stóriðja er frek á fjármagn og afrakstur þess fer úr landi. Sjávarútvegur er oft í höndum utanhéraðsmanna. En laun eru há bæði í stóriðju og sjávarútvegi á Austurlandi. Að meðaltali voru launatekjur á ársverk þar hærrí árið 2015 en í nokkrum öðrum landshluta. Á Norðurlandi vestra voru launatekjur á ársverk hins vegar 14% undir landsmeðaltali. Landbúnaður, sem er láglaunagrein, er öflugur þar. Þá er sjávarútvegur minni á Norðurlandi vestra en á öðrum svæðum utan höfuðborgarinnar. Á Vestfjörðum voru launatekjur á ársverk að jafnaði 8% minni en að jafnaði á öllu landinu, en fyrir fáeinum áratugum voru meðaltekjur á Vestfjörðum hærrí en annars staðar. Laun á ársverk eru hærrí á höfuðborgarsvæðinu en að jafnaði í öðrum landshlutum, en heldur lægri en á Austurlandi.

Samsetning hagvaxtar

Ósamræmi í verðmælingum verður til þess að ekki er hægt að rekja allan hagvöxt frá 2008 til 2015 til einstakra atvinnugreina - nokkur prósent eru óskýrð. Þrátt fyrir það eru nokkrar meginniðurstöður ljósar:

- Allan hagvöxt á tímabilinu má skýra með vexti í verslun, starfsemi hótela og veitingahúsa og samgöngum. Umsvif vaxa í þessum greinum í öllum landshlutum. Vöxtinn má líkast til að langmestu leyti tengja fjölgun erlendra ferðamanna. Skýra má um 5% hagvöxt á höfuðborgarsvæðinu með framgangi þessara greina og 2% vöxt utan þess. Utan höfuðborgarinnar munar mest um vöxt í ferðaþjónustugreinum á Suðurnesjum og Suðurlandi.
- Fjármálaþjónusta skreppur saman. Stóru bankarnir fóru á höfuðið 2008, en umsvif í fjármálaþjónustu minnkuðu mest á seinni hluta tímabilsins. Höfuðstöðvar bankanna voru á höfuðborgarsvæðinu og samdráttur í umsvifum þeirra hefur mest áhrif þar. Alls nam samdráttur í fjármálaþjónustu og tryggingum um 10% af landsframleiðslu í upphafi tímabilsins, mælt á verðlagi 2005.
- Byggingar drógust saman um allt land í upphafi tímabilsins, en mest á Austurlandi, þar sem lokið var við Kárahnjúkavirkjun og álver í Reyðarfirði. Framlög til vegagerðar voru skorin niður um rúman helming. Undir lok tímabilsins tekur mannvirkjagerð við sér í öllum landshlutum, en vöxturinn nær ekki að vinna upp samdráttinn árin á undan.



Mynd 1. Samsetning hagvaxtar 2008-2015

- Sjávarútvegur eflidist þó nokkuð utan höfuðborgarsvæðisins. Fiskvinnsla í landi, sem um hríð hafði skroppið saman, sótti í sig veðrið um allt land. Fiskafli og umsvif í útgerð jukust einnig á tímabilinu, en miklu minna en vinnslan. Vöxtur í sjávarútvegi skýrir um það bil helming alls hagvaxtar utan höfuðborgarinnar. Mestu munar um uppgang

sjávarútvegs á Austurlandi, en á Norðurlandi vestra og Vesturlandi jukust umsvif í þessari grein einnig töluvert.

- Á Austurlandi tóku virkjun og álver til starfa og höfðu geysimikil áhrif á efnahagsstarfsemina. Álverið skýrir eitt og sér um það bil 7% hagvöxt í þessum landshluta.
- Annar iðnaður en fiskiðnaður og stóriðja stórefldist utan höfuðborgarsvæðisins. Alls má rekja 3% hagvöxt utan höfuðborgarinnar til vaxtar í þessari grein. Vöxturinn er nokkuð jafn í öllum landshlutum, en mestur er hann á Suðurnesjum.
- Opinber þjónusta af ýmsu tagi dróst saman utan höfuðborgarinnar, einkum opinber stjórnsýsla og heilbrigðis- og félagsþjónusta.

Miklu munar á atvinnulífi á höfuðborgarsvæðinu og í öðrum landshlutum

Mikill munur er á atvinnulífi á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar á landinu. Fjármálaþjónusta, fasteignir, leiga og sérfræðiþjónusta eru enn langmikilvægustu atvinnugreinarnar á höfuðborgarsvæðinu, þrátt fyrir mikinn samdrátt hjá bönkum og öðrum fjármálafyrirtækjum. Hlutdeild þessara greina í framleiðslu á höfuðborgarsvæðinu var um 40% 2015, en utan höfuðborgarinnar skipta þær miklu minna máli. Sjávarútvegur er aðeins brot af atvinnulífi höfuðborgarsvæðisins, en utan þess eru 15-30% framleiðslunnar í þessari atvinnugrein. Þyngst vegur hann á Vestfjörðum og á Austurlandi, en minnst munar um hann á Norðurlandi vestra. Stóriðja er kjölfesta í atvinnulífi á Vesturlandi og á Austurlandi ásamt sjávarútvegi, en annars fyrirfinnst hún aðeins á höfuðborgarsvæðinu. Landbúnaður er grundvallaratvinnugrein á Norðurlandi vestra og á Suðurlandi, en í öðrum landshlutum skiptir hann minna máli. Verslun, hótél, veitingaþjónusta og samgöngur eru mikilvægar atvinnugreinar í öllum landshlutum. Langmest munar um þær á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu, en minnst vega þær á Austurlandi, Vesturlandi og á Vestfjörðum. Þessar greinar hafa eflst mikið með fjölgun ferðamanna eftir 2010. Ótaldar eru nokkrar atvinnugreinar sem vega álíka þungt í atvinnulífi um allt land. Þetta eru annar iðnaður en stóriðja og fiskvinnsla, opinber þjónusta og byggingarstarfsemi.

Tafla 3. Skipting á atvinnugreinar 2015, á verðlagi 2015.

	Höfuðborg	Utan	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Nland vestra	Nland eystra	Austurland	Suðurland	Allt landið
Landbúnaður	0%	3%	0%	2%	3%	8%	3%	2%	6%	1%
Sjávarútvegur	2%	20%	20%	21%	30%	16%	19%	25%	17%	8%
Stóriðja, veitur	6%	11%	4%	27%	5%	4%	5%	27%	5%	8%
Annar iðnaður	5%	9%	8%	10%	10%	8%	8%	11%	9%	6%
Verslun, hótél, veit, samgöngur	22%	16%	28%	11%	12%	16%	15%	9%	17%	20%
Fjármál, fasteignir, leiga, sérfræðiþjónusta	40%	14%	17%	10%	12%	12%	18%	8%	16%	31%
Byggingar	5%	7%	7%	4%	5%	8%	8%	4%	8%	6%
Opinber þjónusta	20%	19%	15%	15%	22%	28%	23%	13%	22%	20%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Fróðlegt er að skoða þær breytingar sem orðið hafa á samsetningu atvinnulífsins frá 2008. Hún er hér skoðuð á verðlagi hvers árs, en ekki á föstu verðlagi 2005, sem annars er miðað við í þessari skýrslu. Notast þarf við hlaupandi verðlag, svo að allt gangi upp. En það verður til þess að breytingar á vægi einstakra greina endurspeglar bæði verðbreytingar og magnbreytingar. Hlutur verslunar, hótélrekstrar, veitinga og samgangna, greina sem allar nærast á ferðamennsku, vex úr 17% í 22% á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfallið eykst miklu minna utan höfuðborgarinnar og ferðamennska skiptir víðast hvar minna máli þar. Á móti minnkar hlutur bygginga á höfuðborgarsvæðinu. Utan höfuðborgarinnar breytist vægi einstakra

atvinnugreina minna en á höfuðborgarsvæðinu. Hlutur sjávarútvegs eykst nokkuð og einnig hlutur verslunar, gistihúsa og veitinga, en byggingar dragast saman.

Tafla 4. Skipting á atvinnugreinum 2008, á verðlagi 2008

	Höfuðborg	Utan	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Nland vestra	Nland eystra	Austurland	Suðurland	Allt landið
Landbúnaður	0%	3%	0%	2%	3%	9%	3%	2%	7%	1%
Sjávarútvegur	2%	18%	19%	19%	27%	12%	18%	18%	16%	8%
Stóriðja, veitur	7%	11%	5%	29%	4%	6%	5%	21%	6%	8%
Annar iðnaður	6%	9%	8%	10%	10%	7%	8%	11%	9%	7%
Verslun, hótél, veit, samgöngur	17%	14%	25%	10%	11%	14%	14%	8%	13%	16%
Fjármál, fasteignir, leiga, sérfræðipjónusta	41%	14%	15%	10%	16%	14%	18%	9%	16%	31%
Byggingar	8%	11%	12%	6%	7%	11%	11%	18%	12%	9%
Opinber þjónusta	20%	19%	16%	14%	22%	28%	23%	13%	21%	20%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Árið 2015 eru tæp 40% landbúnaðarframleiðslu á Suðurlandi. Fjármálaþjónusta, fasteignir, leiga og sérfræðipjónusta er að mestu leyti bundin við höfuðborgarsvæðið. Sjávarútvegur er stundaður nokkuð jafnt um allt landið, en verslun og ferðaþjónustugreinar eru sterkar á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Nánar er fjallað um sjávarútveg og ferðaþjónustu í sérstökum köflum hér á eftir.

Tafla 5. Skipting á atvinnugreinum 2015, á verðlagi 2015

	Höfuðborg	Utan	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Nland vestra	Nland eystra	Austurland	Suðurland	Allt landið
Landbúnaður	6%	94%	1%	12%	5%	12%	19%	7%	39%	100%
Sjávarútvegur	15%	85%	15%	15%	7%	3%	18%	13%	14%	100%
Stóriðja, veitur	50%	50%	3%	20%	1%	1%	5%	15%	4%	100%
Annar iðnaður	51%	49%	8%	9%	3%	2%	9%	8%	10%	100%
Verslun, hótél, veit, samgöngur	72%	28%	8%	3%	1%	1%	6%	2%	6%	100%
Fjármál, fasteignir, leiga, sérfræðipjónusta	85%	16%	3%	2%	1%	1%	5%	1%	4%	100%
Byggingar	59%	41%	8%	5%	2%	2%	11%	3%	10%	100%
Opinber þjónusta	67%	33%	5%	4%	2%	2%	9%	3%	8%	100%
Alls	66%	34%	6%	6%	2%	2%	8%	4%	7%	100%

Góð afkoma atvinnulífs og fjárhagur flestra fyrirtækja batnar


Í öllum landshlutum batnaði fjárhagsstaða flestra fyrirtækja frá 2008 til 2015. Ein skýringin er fall krónunnar 2008. Innlendur kostnaður hrapar þegar krónan fellur. Raungengi krónunnar var allan tímann lægra en það hefur að jafnaði verið undanfarna áratugi. Það er hagkvæmt fyrir útflutningsgreinar. Þá hafa erlendir ferðamenn haldið uppi eftirspurn eftir íslenskum vörum og þjónustu. Þetta á hvort tveggja þátt í að afkoma fyrirtækja var ágæt í flestum atvinnugreinum. Það stuðlar að bættum fjárhag. En auk þess lagaði eftirgjöf skulda á árunum eftir hrun stöðu margra fyrirtækja.

Nokkru munar enn á fjárhagsstöðu fyrirtækja eftir landshlutum. Árið 2015 skulduðu útgerðir og iðnaðarfyrirtæki að jafnaði meira á Vestfirðum en annars staðar. Þar hafði þó orðið mikil breyting til batnaðar frá 2008, þegar fjárhagsstaða greinanna var mjög slæm í þessum landshluta og raunar víðar. Fjárhagur verslunar batnaði mikið um allt land og eiginfjárhlutfall var að jafnaði ágætt í lok tímabilsins, annars staðar en á Suðurlandi. Fjárhagur veitinga- og gistihúsa batnaði líka mikið, en hann var almennt afleitur í upphafi tímabilsins. Eiginfjárhlutfall í þessum geira er hæst á höfuðborgarsvæðinu. Það er einnig þokkalegt á Austurlandi og Suðurlandi, en lakara annars staðar.

Góð afkoma í ferðaþjónustu vekur athygli. Íslensk náttúra er auðlind, líkt og fiskimiðin, en sá munur er á að veiðar í sjó eru að mestu bundnar við þá sem eiga kvóta, en að öðru leyti er aðgangur að náttúrunni víðast hvar frjáls. Undantekningar eru lax- og silungsveiðar, sem gefa landeigendum víðast hvar vel í aðra hönd. Þá er nú víðar tekið gjald fyrir aðgang að sérstæðu landi en áður. Bílastæðagjöld eru innheimt á Þingvöllum og fyrr í sumar var skýrt frá því að til stæði að taka gjöld af bílum sem lagt væri í Skaftafelli og við Dettifoss. Byrjað er að rukka þá sem leggja við Seljalandsfoss. Um nokkurt skeið hafa menn þurft að borga sig inn á Kerið í Grímsnesi, en landeigendur hafa haft góðan arð af því undanfarin ár, og seldur er aðgangur að Þríhnúkagíg vestur af Bláfjöllum. En víðast hvar getur hver sem er veitt aðgang að náttúrufrýrbærum hér á landi og samkeppni flutningsfyrirtækja er víðast hvar hörð. Eins getur hver sem stenst nokkur lágmarksskilyrði boðið veitingar og gistingu.¹ Í meðalári er því almennt ekki hægt að gera ráð fyrir miklum hagnaði í ferðaþjónustu. En allt frá 2010 hafa aðstæður verið mjög sérstakar hér á landi. Ferðum útlendinga hingað fjölgar svo hratt, að landsmenn hafa ekki við að koma upp aðstöðu til þess að sinna þeim sem hingað koma. Þess vegna hefur verið hægt að hækka álagninguna. Afkoma af veitinga- og gistihúsum hefur verið ágæt og sömu sögu er að segja um samgöngufyrirtæki. En þetta er tímabundið ástand sem að líkindum varir aðeins meðan ferðamönnum fjölgar hratt.

Umsvif aukast í sjávarútvegi

Umsvif jukust þó nokkuð í sjávarútvegi frá 2008 til 2015. Fiskvinnsla í landi jókst um tæp 40%, en veiðar glæddust um 12%. Sjávarútvegur eflidist í öllum landshlutum, en mestallur vöxturinn er utan höfuðborgarsvæðisins. Útgerð jókst mest frá Austurlandi og Norðurlandi og í þessum landshlutum eflidist landvinnsla einnig mikið. Einnig færðist sjávarútvegur í aukana á Vesturlandi. Hér er horft á magntölur. Vöxtur í fiskveiðum helst í hendur við vaxandi afla. Lágt gengi krónunnar, einkum á árunum eftir 2008, á hins vegar þátt í vexti fiskvinnslu. Þegar raungengi krónunnar er lágt verður hagkvæmara að vinna fiskinn hér en erlendis.



Mynd 2. Skipting þáttatekna í sjávarútvegi 2015.

Merkilegt er hvað sjávarútvegur dreifist jafnt yfir landið. Hluttur flestra landshluta er nálægt 15%. Aðeins Vestfirðir og Norðurland vestra skera sig úr með minni hlutdeild en aðrir. Ýmislegt ræður því hvar best er að gera út, en nokkur atriði vega þungt: Nálægð við fiskimið, nálægð við útflutningshafnir, góð aðstaða til þess að landa fiski og verka hann og öflugur vinnumarkaður. Dreifing útgerðar um landið bendir til þess að miklu skipti að vera nærri

¹ Sjá: www.syllumenn.is, Skilyrði leyfis til sölu gistingar og veitinga (rekstrarleyfi).

fiskimiðum. Hefð hefur líka sitt að segja: Gott er að gera út frá góðri höfn, þar sem eru frystihús og nóg af fólki til þess að vinna verkin. Á fyrstu árum aldarinnar færðist útgerð til höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja, en eftir 2008 hefur hún styrkst mest í öðrum landshlutum. Togarar eru þó aðeins gerðir út frá fjölmönnum stöðum. Í sumum sjávarþorpum eru strandveiðar eina útgerðin, en þeim var komið á fót til þess að styðja við byggð sem stóð höllum fæti. Erfiðar samgöngur ráða sennilega mestu um að hlutur Vestfjarða í íslenskum sjávarútvegi hefur lengi farið minnkandi. Á árunum 2008 til 2015 stækkaði hlutur Austfirðinga í sjávarútvegi hins vegar töluvert.


Ferðaþjónusta er að miklu leyti bundin við höfuðborgina og nágrenni hennar ásamt Norðurlandi eystra

Ferðaþjónusta er ekki skilgreind atvinnugrein í þjóðhagsreikningum, heldur tilheyrir hún nokkrum greinum. Allar sinna einnig heimamönnum. Því er erfitt að lýsa umsvifum í ferðaþjónustu nákvæmlega. Ferðamönnum sem koma til Keflavíkurflugvallar fjölgaði um 70% frá 2010 til 2013 og um rúm 60% frá 2013 til 2015. Umsvif í ferðaþjónustu uxu líkast til ekki jafnmikið. Að mati Hagstofu Íslands stækkaði hlutur ferðaþjónustu í landsframleiðslu úr 3,3% árið 2010 í 4,6% árið 2013. Síðan hefur umfangið vaxið enn. Flestir ferðamenn koma til Reykjavíkur. Þar er ferðaþjónusta orðin snar þáttur í atvinnulífinu, en misjafnt er hvað hún er öflug í öðrum landshlutum.

Atvinnugreinar sem tengja má ferðaþjónustu að nokkru eða öllu leyti, verslun, flutningar og veitinga- og gistihúsarekstur, skýra sem fyrr segir *allan* hagvöxt á Íslandi frá 2008 til 2015. Þessar greinar vaxa í öllum landshlutum. Mest munar um vöxtinn á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi, en einnig er öflugur vöxtur í ferðaþjónustugreinum á Suðurnesjum og á Norðurlandi.


Vöxtur í flutningum er að miklu leyti bundinn við höfuðborgarsvæðið. Hið sama má segja um uppgang í verslun. Veitinga- og gistihúsarekstur vex hins vegar álíka hratt á höfuðborgarsvæðinu og utan þess á árunum 2008 til 2015. Mestur er vöxturinn á Suðurlandi, 132%, en minnstur á Vestfjörðum, 38%.

Skoðum hvernig framleiðsla í tveim ferðaþjónustugreinum dreifist um landið. Þetta eru annars vegar flutningar og geymsla og hins vegar rekstur gististaða og veitingarekstur. Hvorug greinin snýst einvörðungu um þjónustu við ferðamenn. Margir ferðast um landið í vinnunni og heimamenn sækja veitingahús. En óhætt er að fullyrða að sá hluti beggja þessara greina, sem vex að einhverju ráði, sé þjónusta við ferðamenn. Nálægt tveim þriðju hlutar framleiðslu í flutningum og veitingarekstri er á höfuðborgarsvæðinu. Hlutur höfuðborgarinnar í báðum þessum greinum óx frá 2008 til 2015. Flest flutningafyrirtæki eru með bækistöð á tveimur svæðum, höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Langflestir sem vinna að flugi og starfsemi sem tengist því eiga heima í grennd við stóru flugvöllina tvo, í Keflavík og Reykjavík og fólksflutningabílar eru flestir gerðir út frá höfuðborgarsvæðinu. Tæpur fimmtungur umsvifa í flutningum og geymslu dreifist um aðra landshluta.



Mynd 3. Skipting þáttatekna í flutningum og geymslu 2015.


Veitinga- og gistihúsarekstur segir meira um það hvert ferðamennirnir fara og hvar þeir dveljast – þó að hann snúist ekki bara um þjónustu við ferðamenn. Auk höfuðborgarsvæðisins standa Suðurland, Norðurland eystra og Suðurnes upp úr í þessum rekstri. Flestir ferðamenn, sem hingað koma, leita á þessi svæði. Þeir lenda í Keflavík, fara í Bláa Lónið, gista í höfuðborginni og ferðast að Gullfossi og Geysi. Margir fara líka til Akureyrar, fljúgandi eða með skemmtiferðaskipum, og halda síðan með bílum að skoða Mývatn og Dettifoss. Rúmur tíundi hluti umsvifa í veitinga- og gistihúsarekstri er á Suðurlandi, en heldur minna á Norðurlandi eystra. Sárálítið er hins vegar um veitinga- og gistiþjónustu á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum.



Mynd 4. Skipting þáttatekna í rekstri veitingahúsa og gististaða 2015.


Höfuðborgarsvæði

Hagvöxtur var heldur minni á höfuðborgarsvæðinu en að meðaltali á landinu öllu.



Mynd 5. Hagvöxtur 2008-2015

Tímabilið hefst á miklum samdrætti í kjölfarið á gjaldproti bankanna, en höfuðstöðvar þeirra voru í Reykjavík. Strax árið 2011 tóku umsvif í borginni að vaxa á ný og þar var góður hagvöxtur á árunum 2013-2015, sem að langmestu leyti tengist fjölgun útlendra ferðamanna. Fiskvinnsla jókst, en sveiflur voru í veiðum. Annar iðnaður en fiskvinnsla og stóriðja óx töluvert, en framleiðsla í stóriðju jókst minna en ráðgert hafði verið. Umsvif í fjármálum og tryggingum skruppu saman um rúman helming. Athygli vekur raunar að mest dró úr starfsemi í þessum greinum á seinni hluta tímabilsins. Mannvirkjagerð minnkaði um helming frá 2008 til 2010. Hún sótti nokkuð í sig veðrið síðustu árin, en var þó enn mun minni 2015 en 2008.




Mynd 6. Skipting framleiðslu á avinnugreinar 2015.

Þrátt fyrir hrun í fjármálastarfsemi voru fjármál, fasteignir, leiga og sérfræðipjónusta enn 40% af framleiðslu ársins 2015 (á verði þess árs), en í öðrum landshlutum er fyrirferð þessara þjónustugreina miklu minni. Þá er umfang verslunar og ferðapjónustugreina meira á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar. Framleiðsla á mann er svipuð og að jafnaði í öðrum landshlutum. Laun á ársverk eru heldur hærra en annars staðar, en munurinn er ekki mikill. Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um tæp 7% frá 2008 til 2015. Fasteignaverð er góð heimild um það hve mjög er sótt er í að eiga heima á hverjum stað. Árið 2015 var það hvergi hærra en höfuðborgarsvæðinu. Staðgreiðsluverð á fermetra í sérbylí var 273 þúsund krónur á hvern fermetra 2015, um 30% yfir landsmeðaltali, samkvæmt upplýsingum Þjóðskrár. Hér er ekki leiðrétt fyrir aldri húsnæðisins, en gera má ráð fyrir að það sé óviða nýrra en á höfuðborgarsvæðinu.


Byggðir landsins

Efnahagssumsvif drógust saman í byggðum landsins við bankahrunið, en höggið var minna en í höfuðborginni. Fall krónunnar kom sér vel fyrir sjávarútveg, sem er sterkastur utan Reykjavíkur. Strax árið 2010 var framleiðsla í byggðum landsins komin í jafnvægi og árin 2012, 2013 og 2015 var þar nokkur vöxtur. Batinn á sér fjölbreyttari skýringar en á höfuðborgarsvæðinu. Auk vaxtar í sjávarútvegi var nokkur uppgangur í greinum tengdum ferðaþjónustu, en mun minni þó en í höfuðborginni. Ný stóriðja tók til starfa á Austurlandi, en einnig var mikill vöxtur í öðrum iðnaði en stóriðju og fiskvinnslu. Á móti dróst mannvirkjagerð saman um helming frá 2008 til 2011, en þar skipti miklu að framkvæmdum lauk við virkjanir og stóriðju á Austurlandi. Einnig minnkaði vegagerð um rúman helming. Byggingar færðust heldur í aukana seinustu árin en árið 2015 höfðu þær þó ekki náð tveimur þriðju hlutum af því sem var 2008. Þá drógust heilbrigðis- og félagsþjónusta og opinber stjórnsýsla saman um 5-15% á fyrri hluta tímabilsins. Nokkurt bakslag varð í sjávarútvegi árið 2014, ekki síst vegna dræmra loðnuveiða.



Mynd 7. Hagvöxtur 2008-2015


Atvinnulíf utan höfuðborgarinnar einkennist af sterkum grunnatvinnuvegum: sjávarútvegi, landbúnaði og stóriðju. Um 12% ársverka er í sjávarútvegi og 2% í stóriðju.



Mynd 8. Skipting framleiðslu á atvinnugreinar 2015.


Suðurnes

Hagvöxtur var sveiflukennur á Suðurnesjum.



Mynd 9. Hagvöxtur 2008-2015.

Bankahrunið kom illa við svæðið, ekki síst Reykjanesbæ, þar sem mikið var fjárfest á uppgangsárunum. Starfsemi fjármálafyrirtækja dróst saman um meira en helming á árunum 2008-2015, en mesta breytingin varð ekki fyrr en á seinni hluta tímabilsins. Nokkuð hægði á húsbyggingum frá 2008 til 2009, en nokkur kraftur hefur þó verið í mannvirkjagerð allt tímabilið, ekki síst í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Fjölgun erlendra ferðamanna eftir 2010 hefur leitt til stórauðinna umsvifa á flugvelli, auk þess sem ferðaþjónusta hefur dafnað í Reykjanesbæ. Þá hefur sjávarútvegur eflst og ýmiss annar iðnaður en fiskvinnsla og stóriðja. Í heildina var hagvöxtur 8% á Suðurnesjum frá 2008-2015 og varð hann hvergi meiri annars staðar hér á landi. Fólki fjölgaði um 11% í Keflavík og Njarðvík og um 7% á öllu svæðinu.




Mynd 10. Skipting framleiðslu á atvinnugreinum 2015.

Greinar sem tengjast ferðaþjónustu, að nokkru leyti eða öllu, verslun, hótél, veitingar og samgöngur, eru hvergi fyrirferðarmeiri en hér. Ríflega 20% ársverka eru í samgöngum og veitinga- og gistihúsarekstri. Sjávarútvegur er mikil og vaxandi atvinnugrein á svæðinu og 13-14% ársverka eru í sjávarútvegi. Einkum er fiskvinnsla öflug. Fasteignaverð er svipað og annars staðar í grennd við höfuðborgina. Árið 2015 var fermetraverð í sérbylí að jafnaði 161 þúsund krónur á Suðurnesjum, rúmlega 75% af meðalverði á landinu öllu.


Vesturland

Mikill hagvöxtur mældist á Vesturlandi á árunum 2011 til 2013 og yfir allt tímabilið varð hann 7%. Umsvif jukust bæði í sjávarútvegi og öðrum iðnaði en stóriðju og fiskvinnslu.



Mynd 11. Hagvöxtur 2008-2015.

Fjármálaþjónusta skrappt saman eftir 2011. Mannvirkjagerð minnkaði um tæpan helming frá 2008 til 2010, en óx aftur hægtum skrefum á seinni hluta tímabilsins. Þrátt fyrir góðan hagvöxt breyttist íbúafjöldi lítið.




Mynd 12. Skipting framleiðslu á atvinnugreinum 2015.

Stóriðja er sterk á Vesturlandi, en um 7% ársverka voru í þeirri atvinnugrein árið 2015. Þá vinna um 14% í sjávarútvegi. Þrátt fyrir nálægð við höfuðborgarsvæðið og fallega náttúru er ferðaþjónusta ekki eins mikilvæg atvinnugrein og víða annars staðar. Um 8½% ársverka er í samgöngum, veitingum og gistihúsarekstri. Húsnæðisverð er svipað og annars staðar í nágrenni höfuðborgarinnar. Staðgreiðsluverð í sérbyli var 164 þúsund krónur á fermetrann árið 2015, eða tæp 80% af meðalverði á landinu öllu.

Vestfirðir


Nokkur kyrkingur var í efnahagsstarfseminni, eins og löngum áður. Vöxtur var flest árin minni en í öðrum landshlutum og allt tímabilið dróst framleiðsla saman um 6%. Fólki fækkaði um tæp 4% frá 2008 til 2015. Markvert er þó að fólki fjölgar sums staðar, þar sem byggð hefur lengi átt erfitt uppdráttar, til dæmis á Patreksfirði, á Bíldudal og í Bolungarvík. Nokkur vöxtur varð í sjávarútvegi og fjárhagur greinarinnar batnaði töluvert, en mörg fyrirtæki í þessum landshluta voru skuldum vafin í upphafi tímabilsins. Annar iðnaður en stóriðja og fiskvinnsla hlóð utan á sig seinustu árin sem skoðuð eru. Nokkur uppbygging hefur orðið í fiskeldi í sjó og

meiri uppbygging er fyrirhuguð á næstu árum. Á hinn bóginn skruppu fjármálaþjónusta og tryggingar saman, aðallega á seinni hluta tímabilsins. Í þessum greinum voru umsvif árið 2015 aðeins fjórðungur af því sem var 2008. Nokkuð dró úr húsbyggingum og opinber stjórnsýsla dróst einnig saman.



Mynd 13. Hagvöxtur 2008-2015.


Sjávarútvegur er hvergi eins mikilvæg atvinnugrein og á Vestfjörðum. Um 24% ársverka á Vestfjörðum voru í sjávarútvegi árið 2015 og rúmlega 2% ársverka voru í fiskeldi. Laun á ársverk eru lægri í fiskveiðum á Vestfjörðum en annars staðar og meðallaun á ársverk í öllum atvinnugreinum eru aðeins undir landsmeðaltali árið 2015. Fasteignaverð er hvergi lægra en þar. Staðgreiðsluverð á fermetra í sérbyli var 88-89 þúsund krónur að jafnaði árið 2015, rúm 40% af landsmeðaltali.



Mynd 14. Skipting framleiðslu á atvinnugreinum 2015.


Norðurland vestra

Í heildina var hagvöxtur minni en að jafnaði utan höfuðborgarsvæðisins. Fyrstu árin var hagvöxtur þokkalegur, en seinni hluta tímabilsins var hann mun minni en í öðrum landshlutum. Mikill vöxtur er í sjávarútvegi. Einkum vex fiskvinnsla síðasta árið sem skoðað er. Annar iðnaður en stóriðja og fiskvinnsla vex líka síðustu árin. Rekstur gististaða og veitingarekstur eflist töluvert undir lok tímabilsins. Umsvif í fjármálum og tryggingum drógust jafnt og þétt saman eftir 2010. Mannvirkjagerð minnkaði um fjórðung á tímabilinu. Heilbrigðisstarfsemi skrapp saman um fjórðung. Fólki fækkar alls staðar í þessum landshluta, nema í strjálbýli. Alls fækkaði íbúum um tæp 5% frá 2008 til 2015.



Mynd 15. Hagvöxtur 2008-2015.


Landbúnaður er mikilvægari atvinnugrein á Norðurlandi vestra en í öðrum landshlutum, að Suðurlandi undanskildu. Þá er hlutur sjávarútvegs minni en annars staðar utan höfuðborgarinnar. Um 9% ársverka eru í landbúnaði, en aðeins 7% í sjávarútvegi. Athygli vekur að opinber þjónusta er stærsta atvinnugreinin, með stærri hluta framleiðslunnar en í öllum öðrum landshlutum. Framleiðsla á mann er hvergi minni en á Norðurlandi vestra. Laun og rekstrarafgangur eru óvíða minni en í landbúnaði og greinar með miklum hagnaði og háum launum eru ekki mjög sterkar hér. Laun á ársverk eru hvergi lægri. Staðgreiðsluverð á húsnæði í sérbyli var að jafnaði 150 þúsund krónur á Sauðárkróki, rúm 70% af landsmeðaltali, en á Blönduósi var það aðeins 97 þúsund krónur, eða tæpur helmingur af landsmeðalverði.



Mynd 16. Skipting framleiðslu á atvinnugreinum 2015.


Norðurland eystra

Fyrri hluta tímabilsins, sem hér er horft á, var hagvöxtur meiri á Norðurlandi eystra en annars staðar. Á seinni hluta tímabilsins skipti um og hagvöxtur var hægari en í öðrum landshlutum. Vöxtur var í sjávarútvegi og öðrum iðnaði en fiskvinnslu og stóriðju, meðal annars í framleiðslu Becromals á Akureyri. Umsvif í veitingum og gistihúsarekstri jukust á seinni hluta tímabilsins. Fjármálaþjónusta og byggingar drógust saman. Alls varð hagvöxtur 8% á tímabilinu og var hann hvergi meiri hér á landi. Íbúum fjölgaði um 1% frá 2008 til 2015. Fólksfjöldgun var einkum bundin við Akureyri og næsta nágrenni.



Mynd 17 Hagvöxtur 2008-2015.


Á Norðurlandi eystra er stærsta þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins. Þess vegna eru fjármálaþjónusta, leiga og sérfræðiþjónusta mun mikilvægari atvinnuvegir en annars staðar utan höfuðborgarsvæðisins. Sjávarútvegur er höfuðatvinnugrein á Norðurlandi eystra, en þar voru rúm 19% ársverka árið 2015. Opinber þjónusta af ýmsu tagi er samt stærsta atvinnugreinin í landshlutanum. Húsnæðisverð er að jafnaði hærra en annars staðar utan höfuðborgarsvæðisins. Staðgreiðsluverð í sérbýli var að meðaltali 171 þúsund krónur á fermetrann árið 2015 á Norðurlandi öllu, rúm 80% af landsmeðaltali. Á Akureyri var fermetraverðið að jafnaði 217 þúsund krónur, nokkru hærra en landsmeðaltal.



Mynd 18. Skipting framleiðslu á atvinnugreinar 2015.


Austurland

Byggðabróun á Austurlandi undanfarin ár er flóknari en annars staðar. Í upphafi tímans, sem hér er skoðaður, var miklum framkvæmdum að ljúka, en um svipað leyti tók álver til starfa í Reyðarfirði. Eftir það munar ekki miklu á hagvexti í þessum landshluta og annars staðar. Mestur vöxtur var í stóriðju og veitum, en annar iðnaður dafnaði líka. Þá eflidist sjávarútvegur mikið, bæði veiðar og vinnsla. Fjármálastarfsemi og fasteignaviðskipti skruppu saman síðustu árin sem skoðuð eru.



Mynd 19. Hagvöxtur 2008-2015.

Framleiðsla á mann er hvergi meiri en á Austurlandi. Það má ekki síst rekja til álversins í Reyðarfirði, en mikið fé er bundið í verksmiðjunni og arður af því rennur til erlendra eigenda. En laun eru líka góð í stóriðju. Í fiskveiðum eru launin enn betri og laun á ársverk í fiskvinnslu á Austurlandi eru ágæt. Að jafnaði eru laun á ársverk því hærri á Austurlandi en í öðrum landshlutum. Húsnæðisverð er þó langt undir landsmeðaltali og lægra en annars staðar, að Vestfjörðum einum undanskildum. Staðgreiðsluverð í sérbýli var að meðaltali 132 þúsund krónur á fermetrann árið 2015 og náði ekki tveim þriðju af landsmeðaltali. Nokkrar skýringar koma til greina. Austurland er langt frá höfuðborgarsvæðinu og þar er ekki jafnstór þjónustukjarni eins og á Norðurlandi. Þá var mjög mikið var byggt í þessum landshluta áður en álver Fjarðaáls í Reyðarfirði tók til starfa.




Mynd 10. Skipting framleiðslu á atvinnugreinar 2015.

Árið 2015 voru 14% ársverka á Austurlandi í fiskveiðum og fiskvinnslu en 9% í stóriðju.


Suðurland

Suðurland er eitt af þeim svæðum þar sem hagvöxtur hefur verið hvað ákafastur undanfarin ár. Á árunum frá 2008 til 2015 jukust efnahagsumsvif þar um 8%. Nánast samfleytt frá 2008 til 2013 jókst framleiðsla meira en að jafnaði á landinu öllu, en nokkurt bakslag varð árin 2014 og 2015. Mikill vöxtur varð í starfsemi veitinga- og gististaða, ekki síst síðustu árin, fiskvinnsla í landi eflidist nokkuð og uppbygging varð í öðrum iðnaði en fiskvinnslu og stóriðju. Á móti skrápp fjármálastarfsemi saman árin 2014 og 2015 og nokkur samdráttur varð í byggingum í upphafi tímabilsins. Fólki fjölgaði nokkuð á Selfossi, í Hveragerði og í Vestmannaeyjum, en annars staðar breyttist íbúatalan víðast hvar lítið. Alls fjölgaði íbúum á svæðinum um 3% frá 2008 til 2015.



Mynd 11. Hagvöxtur 2008-2015.

Atvinnulíf á Suðurlandi er fjölbreyttara en víðast hvar utan höfuðborgarsvæðisins. Hvergi er landbúnaður jafnmikilvægur og sjávarútvegur er hvergi lægra hlutfall af framleiðslu, að Norðurlandi vestra undanskildu. Sjór er aðeins sóttur frá Vestmannaeyjum, Höfn í Hornafirði og Þorlákshöfn. Húsnæðisverð er svipað og annars staðar í grennd við höfuðborgina - og hæst næst henni. Árið 2015 var staðgreiðsluverð í sérbylí að jafnaði 167 þúsund krónur á öllu Suðurlandi, um 80% af meðalverði á öllu landinu.



Mynd 12. Skipting framleiðslu á atvinnugreinum 2015.

Aðferðir

Framleiðsla í einstökum landshlutum er áætluð út frá gögnum sem Hagstofan hefur unnið úr skattagögnum. Þáttatekjur, það er launakostnaður, afskriftir (fyrningar) og rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði, eru áætlaðar fyrir hverja atvinnugrein og ár á tímabilinu frá 2008 til 2015. Stuðst er við tölur um afkomu fyrirtækja eftir landshlutum og laun eftir landshlutum. Ekki er hægt að nota tölur um afkomu fyrirtækja beint, því að þær eru færðar þar sem fyrirtækin eiga höfuðstöðvar, þótt starfsemin sé um allt land. Tölur um launagreiðslur úr staðgreiðslugögnum eru hins vegar greindar eftir því hvar starfsfólkið á heima. Oftast nær vinnur fólk sér inn tekjur í grennd við heimili sitt, þó að það sé ekki einhlítt. Því er horft á hlutfall heildarþáttatekna og launa eftir landshlutum, atvinnugreinum og árum úr bókhaldi fyrirtækja og hlutfallið margfaldað með launum í hverjum landshluta, samkvæmt staðgreiðslugögnum. Tölur fyrir þrjá atvinnugreinar eru reiknaðar á annan hátt. Framleiðsla í landbúnaði er áætluð með hliðsjón af gögnum frá Bændasamtökunum um greiðslu búnaðargjalds, framleiðsla í fiskveiðum er metin með hliðsjón af aflatölum og hlutfalli aðfanga af veltu úr bókhaldi sjávarútvegsfyrirtækja, en framleiðsla í stóriðju er metin beint út frá ársreikningum fyrirtækjanna.